

## Vitastígur 12, stækkun á lóð - 1705515

Svanþór Eypórsson sækir 31.1.2017 sækir um lóðarstækkun, þ.e að helmingur 2.metra af óskiptu landi verði hluti af lóðinni að Vitastíg 12.

Umsögn skipulagsfulltrúa:

Samkvæmt deiliskipulagi „Miðbær Hraun vestur“, sem samþykkt var í bæjarstjórn 02. 09. 2015, er gert ráð fyrir að lóðarskiki sá sem umsækjandi sækir um til stækkunar á lóð sinni, tilheyri lóð nr. 36 við Álfaskeið. Það kemur einnig fram á mæliblaði fyrir þetta svæði. Lóðamörk miðist við gamlan steinvegg sem staðsettur er á mörkum lóðarinnar að Vitastíg 12.

Eigendur að Álfaskeiði 36 hafa um langt árabil nýtt lóðarskikann sem um ræðir, séð um alla umhirðu hans og gróðursetningu, þar er m.a. áratuga gamall trjágróður staðsettur.

Í ljósi ofangreindra atriða er ekki hægt að verða við ósk um lóðarstækkun þá sem sótt er um.

12.06. 2017

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar